

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Kambshóls, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir sumarhúsaloðir í landi Kambshóls í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Skipulags- og byggingarnefnd ásamt hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fjallað um og samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundaloða í landi Kambshóls. Um er að ræða fækkun lóða í Efstaási. Breytingin felst í því að frístundaloð nr. 24 við Efstaás er felld niður og lóðir nr. 20 og 22 stækka sem því nemur, sem afmarkast á skipulagsupprætti dagsettum 19. júní 2003.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og gerir ekki athugasemd við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð og upprættur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og fallist hefur verið á grenndarkynningu sem þegar hefur farið fram.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 8. október 2003.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Við 2. gr. Skilgreiningar undir *Vottað fræ – (flokkur C)* bætist eftirfarandi:

- c) i) Við opinbera athugun reynist uppfylla framangreind skilyrði, eða
ii) þegar um er að ræða skilyrðin sem mælt er fyrir um í 8. viðauka, reynist uppfylla þessi skilyrði, annaðhvort við opinbera athugun eða við athugun sem fer fram undir opinberu eftirliti.

2. gr.

Við 3. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Opinber skoðun sem framkvæmd er af aðfangaeftirlitinu vegna viðurkenningar á yrkjum í landbúnaði skal vera í samræmi við og taka að minnsta kosti til þeirra einkenna sem kveðið er á um í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 72/168/EBE og 72/180/EBE ásamt áorðnum breytingum. Tryggja skal að lágmarksskilyrðum, sem þar eru talin upp sé fullnægt við skoðun.

3. gr.

Við 5. grein um söluskilyrði bætist:

Ákvæði tilskipunar ráðsins nr. 98/95/EB sem tekin var inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 158/2002 tekur til breytinga er varða sameiningu innri markaðarins, erfðabreytt plöntuafbrigði og erfðauðlindir plantna og vísast til hennar í því sambandi. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1.